

Nr. 75

9. desember 2021

## AUGLÝSING um samning við Úkraínu um endurviðtöku fólks.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Úkraínu um endurviðtöku fólks, sem gerður var í New York 25. september 2013, öðlaðist gildi 1. desember 2015.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.  
Þetta er hér með gert almenningu kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**SAMNINGUR  
MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÚKRAÍNU OG  
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS  
UM ENDURVIÐTÖKU FÓLKS**

SAMNINGSÁÐILARNIR,

RÍKISSTJÓRN ÚKRAÍNU

og

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS,

SEM EINSETJA SÉR að efla samstarf sín á milli í því skyni að stemma stigu við ólögglegum innflutningi fólks með árangursríkari hætti,

SEM HAFA Í HUGA hin nánu tengsl milli Evrópusambandsins og Íslands, einkum í krafti samningsins frá 18. maí 1999 um aðkomu Íslands að framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna,

SEM HAFA ÁHYGGJUR af verulega aukinni starfsemi skipulagðra glæpasamtaka á sviði ólöglegs innflutnings fólks,

SEM VILJA, með samningi þessum og með gagnkvæmum hætti, innleiða hraðvirkт og árangursríkt verklag við að bera kennsl á og senda til baka einstaklinga sem uppfylla ekki, eða uppfylla ekki lengur, skilyrði fyrir komu til og dvöl á úkraínsku eða íslensku yfirráðasvæði og greiða fyrir gegnumför slíkra einstaklinga í anda góðrar samvinnu,

SEM TELJA að Úkraína og Ísland ættu, þegar það á við, að gera sér far um að senda ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausa einstaklinga, sem komið hafa ólöglega inn á yfirráðasvæði hvors um sig, til baka til upprunaríkis eða þess ríkis þar sem viðkomandi hefur fasta búsetu,

SEM VIÐURKENNA nauðsyn þess að að virða mannréttindi og mannfrelsí og *leggja áherslu* á að samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur Úkraínu og Íslands sem helgast af almennu mannréttindayfirlýsingunni frá 10. desember 1948 og reglum þjóðaréttar, einkum af Evrópusáttmál-anum frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsí, Sáttmálanum frá 28. júlí 1951 og bókuninni frá 31. janúar 1967 um réttarstöðu flóttamanna, alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórmálaleg réttindi frá 16. desember 1966 og alþjóðlegum gerningum um framsal,

SEM TAKA TILLIT TIL ÞESS að samvinna milli Íslands og Úkraínu á sviði endurviðtöku og um að greiða fyrir gagnkvæmum ferðum varðar sameiginlega hagsmuni,

SEM LEGGJA TIL GRUNDVALLAR samninginn milli Evrópubandalagsins og Úkraínu um endurviðtöku fólks og sameiginlega yfirlýsingu viðvíkjandi Íslandi sem fylgir með í viðauka við hann,

**HAFA ORÐID ÁSÁTTIR UM EFTIRFARANDI:**

1. gr.

*Skilgreiningar.*

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Samningsáðilar“ merkir ríkisstjórn Úkraínu og ríkisstjórn Íslands.
- b) „Úkraínskur ríkisborgari“ merkir sérhvern þann einstakling sem hefur úkraínskan ríkisborgara-rétt.
- c) „Íslenskur ríkisborgari“ merkir sérhvern þann einstakling sem hefur eða hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt í samræmi við íslenska löggjöf,
- d) „Ríkisborgari þriðja lands“ merkir sérhvern þann einstakling sem hefur ríkisfang annars staðar en í Úkraínu eða á Íslandi.

- e) „Ríkisfangslaus einstaklingur“ merkir sérhvern þann einstakling sem hefur ekki ríkisfang neins staðar.
- f) „Búsetuleyfi“ merkir hvers kyns skilríki sem Úkraína eða Ísland gefur út og heimilar einstaklingi að hafa búsetu á úkraínsku eða íslensku yfirráðasvæði. Hér er ekki átt við tímabundið leyfi til að dvelja á úkraínsku eða íslensku yfirráðasvæði í tengslum við vinnslu beiðni um hæli og um að fá réttarstöðu flóttamanns, beiðni einstaklings sem þarfnað viðbótarverndar eða beiðni um búsetuleyfi.
- g) „Vegabréfsáritun“ merkir heimild eða ákvörðun sem Úkraína eða Ísland gefur út eða tekur og nauðsynleg er vegna komu til eða gegnumfarar um úkraínskt eða íslenskt yfirráðasvæði. Hér er ekki átt við vegabréfsáritun til gegnumfarar um flugvöll.
- h) „Ríki sem leggur fram beiðni“ merkir það ríki (Úkraínu eða Ísland) sem sendir beiðni um endurviðtöku skv. 5. gr. eða beiðni um gegnumför skv. 11. gr. samnings þessa.
- i) „Ríki sem beiðni er beint til“ merkir það ríki (Úkraínu eða Ísland) sem beiðni um endurviðtöku skv. 5. gr. eða beiðni um gegnumför skv. 11. gr. samnings þessa er beint til.
- j) „Lögbært stjórnvald“ merkir sérhvert það innlenda stjórnvald í Úkraínu eða á Íslandi sem falið er að annast framkvæmd samnings þessa í samræmi við ákvæði 16. gr. hans.
- k) „Landamærasvæði“ merkir öll landsvæði hafna við sjó, þar með talin tollsvæði, og alþjóðaflugvalla í Úkraínu og á Íslandi.
- l) „Ferðaskilríki“ merkir vegabréf eða önnur gild og viðurkennd skilríki fyrir ferðir utanlands sem Úkraína, Ísland eða ríkið, þar sem sá einstaklingur sem taka á við aftur hefur ríkisborgarárétt eða fasta búsetu, gefur út.

**I. ÞÁTTUR  
Endurviðtökuskyldur.**

2. gr.

*Endurviðtaka eigin ríkisborgara.*

1. Það ríki sem beiðni er beint til skal, að fram kominni beiðni þess ríkis sem leggur fram beiðni og án frekari formsatriða annarra en þeirra sem kveðið er á um í samningi þessum, taka aftur við, inn á yfirráðasvæði sitt, öllum einstaklingum, sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur skilyrði sem gilda um komu til eða dvöl á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni, enda séu gögn lögð fram, skv. 6. gr. samnings þessa, sem sanna að fyrrnefndir einstaklingar séu ríkisborgarar þess ríkis sem beiðni er beint til.  
Hið sama gildir um einstaklinga sem hafa, eftir komu til yfirráðasvæðis þess ríkis sem leggur fram beiðni, afsalað sér ríkisfangi í því ríki sem beiðni er beint til án þess að öðlast ríkisfang í því ríki sem leggur fram beiðni.
2. Það ríki sem beiðni er beint til skal, eftir því sem þörf krefur og án tafar, gefa út ferðaskilríki, sem gilda í skemmt 6 mánuði, til handa þeim einstaklingi sem samþykkt hefur verið að taka við aftur, óháð vilja hans. Ef eigi reynist unnt, af lagalegum eða staðreyndum ástæðum, að flytja hlutað-eigandi einstakling á gildistíma þeirra ferðaskilríkja sem voru upphaflega gefin út, skal ríkið, sem beiðni er beint til, framlengja, innan 14 almanaksdaga, gildistíma ferðaskilríkjanna eða, ef nauðsyn krefur, gefa út ný ferðaskilríki með sama gildistíma. Hafi ríkið, sem beiðni er beint til, ekki gefið ferðaskilríkin út, framlengt gildistíma þeirra eða endurnýjað þau, ef nauðsyn krefur, innan 14 almanaksdaga, skal litið svo á að ríkinu, sem beiðni er beint til, beri að taka gild hin útrunnu skilríki.

3. gr.

*Endurviðtaka ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausra einstaklinga.*

1. Það ríki sem beiðni er beint til skal, að fram kominni beiðni þess ríkis sem leggur fram beiðni og án frekari formsatriða annarra en þeirra sem kveðið er á um í samningi þessum, taka aftur við, inn á yfirráðasvæði sitt, einstaklingum frá þriðja landi eða ríkisfangslausum einstaklingum, sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur skilyrði sem gilda um komu til eða dvöl á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni, enda séu gögn lögð fram, skv. 7. gr. samnings þessa, sem sanna að fyrrnefndir einstaklingar:

- a) komu inn á úkraínskt yfirráðasvæði beint frá íslensku yfirráðasvæði eða komu inn á íslenskt yfirráðasvæði beint frá úkraínsku yfirráðasvæði eða
  - b) voru, við komu, handhafar gilds búsetuleyfis sem það ríki sem beiðni var beint til gaf út eða
  - c) voru, við komu, handhafar gildrar vegabréfsáritunar sem það ríki sem beiðni var beint til gaf út og komu inn á yfirráðasvæði þess ríkis sem lagði fram beiðni beint frá yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni var beint til.
2. Endurviðtökuskyldan skv. 1. mgr. fellur úr gildi:
- a) hafi hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfanglaus einstaklingur einungis farið um flugsvæði á alþjóðaflugvelli í því ríki sem beiðni er beint til eða
  - b) hafi ríkið, sem leggur fram beiðni, gefið út vegabréfsáritun eða búsetuleyfi fyrir hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfanglausán einstakling, fyrir eða eftir komu hans inn á yfirráðasvæði þess, nema:
    - i. fyrrnefndur einstaklingur sé handhafi vegabréfsáritunar eða búsetuleyfis sem ríkið, sem beiðni er beint til, hefur gefið út og gildistími hennar eða þess sé lengri eða
    - ii. vegabréfsáritunin eða búsetuleyfið, sem það ríki sem leggur fram beiðni hefur gefið út, er fengin eða fengið með því að nota fölsuð eða svíkin skilríki,
  - c) þurfi hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfanglaus einstaklingur ekki vegabréfsáritun til þess að koma inn á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni.
3. Eftir að ríkið, sem beiðni er beint til, hefur gefið jákvætt svar við beiðni um endurviðtöku, skal það ríki sem leggur fram beiðni gefa út ferðaskilríki, sem ríkið, sem beiðni er beint til, viðurkennir, til handa þeim einstaklingi sem samþykkt hefur verið að taka við aftur. Sé Úkraína það ríki sem leggur fram beiðni, gilda fyrrnefnd ferðaskilríki sem úkraínsk endurkomuvottorð (7. viðauki). Sé Ísland það ríki sem leggur fram beiðni, gilda fyrrnefnd ferðaskilríki sem ferðabréf sem Ísland gefur út (8. viðauki).

## 4. gr.

*Röng endurviðtaka.*

Ríkið, sem leggur fram beiðni, skal heimila að sérhver einstaklingur, sem það ríki sem beiðni er beint til hefur tekið við aftur, komi til baka, komi í ljós, innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi einstaklingur var fluttur, að þær kröfur sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. samnings þessa hafi ekki verið uppfylltar.

Ef þannig háttar gilda verklagsreglur samnings þessa að breyttu breytanda og skal þá ríkið, sem beiðni er beint til, senda allar fyrilliggjandi upplýsingar um raunveruleg deili á þeim einstaklingi sem til stendur að komi til baka og um ríkisfang hans.

## II. ÞÁTTUR Endurviðtokuferlið.

## 5. gr.

*Beiðni um endurviðtöku.*

1. Nauðsynlegt er, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., að leggja fram beiðni um endurviðtöku hjá lögbæru stjórnvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til vegna flutnings einstaklings sem til stendur að taka við aftur á grundvelli einhverra þeirra skuldbindinga er um getur í 2. og 3. gr.
2. Hafi sá einstaklingur sem til stendur að taka við aftur undir höndum gild ferðaskilríki eða kennivottorð og, er um ræðir ríkisborgara eða ríkisfanglausá einstaklinga þriðja lands, gilda vegabréfsáritun eða gilt búsetuleyfi þess ríkis sem beiðni er beint til, getur fluttingur fyrrnefnd einstaklings farið fram án þess að ríkið, sem leggur fram beiðni, þurfi að senda lögbæru stjórnvaldi ríkisins, sem beiðni er beint til, beiðni um endurviðtöku eða skriflega orðsendingu.
3. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., hafi einstaklingur verið handtekinn á landamærasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni innan 48 klukkustunda eftir að hafa farið yfir landamæri ríkisins með ólöglegum hætti (þ.m.t. hafnir við sjó og flugvellir) og komi hann beint frá yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til, getur ríkið, sem leggur fram beiðni, sent beiðni um endurviðtöku innan tveggja daga frá því að fyrrnefndur einstaklingur var handtekinn (flýtimeðferð).
4. Beiðnin um endurviðtöku skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) allar fyrirliggjandi upplýsingar um þann einstakling sem til stendur að taka við aftur (t.d. eiginnöfn, kenninöfn, fæðingadagur og ár og fæðingarstaður, kyn og síðasti búsetustaður),
  - b) sönnunargögn um ríkisfang, skilyrði fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausra einstaklinga.
5. Eftirfarandi upplýsingar ættu og að koma fram í beiðni um endurviðtöku ef nauðsyn krefur:
- a) yfirlýsing þess efnis að sa einstaklingur sem til stendur að flytja kunni að þarfnað aðstoðar eða umönnunar, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingur hafi, með skýrum hætti, samþykkt yfirlýsinguna,
  - b) ábending um hverjar aðrar verndar- eða öryggisráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna hins tiltekna flutnings.
6. Almennt eyðublað fyrir beiðnir um endurviðtöku fylgir í 5. viðauka við samning þennan.

## 6. gr.

*Sönnunargögn um ríkisfang.*

1. Ríkisfang í því ríki sem beiðni er beint til, skv. 1. mgr. 2. gr. samnings þessa:
  - a) má sannreyna með einhverjum þeim skilríkjum sem talin eru upp í 1. viðauka við samning þennan, jafnvel þótt gildistími þeirra sé útrunninn. Ef fyrrnefndum skírteinum er framvísað skal ríkið, sem beiðni er beint til, viðurkenna ríkisfangið án þess að krefjast frekari rannsóknar. Eigi er unnt að færa sönnur á ríkisfang með því að leggja fram svíkin eða fölsuð skilríki,
  - b) má staðfesta á grundvelli einhverra þeirra skilríkja sem talin eru upp í 2. viðauka við samning þennan, jafnvel þótt gildistími þeirra sé útrunninn. Ef fyrrnefnd skilríki eru lögð fram skal ríkið, sem beiðni er beint til, líta svo á að ríkisfangið hafi verið staðfest, nema það geti sýnt fram á hið gagnstæða á grundvelli rannsóknar með þátttöku lögbærra stjórvalda ríkisins sem beiðni er beint til. Eigi er unnt að staðfesta ríkisfang með því að leggja fram svíkin eða fölsuð skilríki.
2. Ef eigi er unnt að framvísa neinum þeim skilríkjum sem talin eru upp í 1. og 2. viðauka skal lögbært diplómatískt fyrirsvar þess ríkis sem beiðni er beint til ræða við þann einstakling sem til stendur að taka við aftur innan lengst 10 almanaksdaga, í því skyni að staðfesta ríkisfang hans. Þessi frestur hefst daginn sem beiðni um endurviðtöku er veitt viðtaka.

## 7. gr.

*Sönnunargögn um ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausra einstaklinga.*

1. Skilyrði fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausra einstaklinga skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa:
  - a) má sannreyna með einhverjum þeim skilríkjum sem talin eru upp í viðauka 3a við samning þennan, Sé fyrrnefndum skilríkjum framvísað skal ríkið, sem beiðni er beint til, viðurkenna ólöglega komu frá yfirráðasvæði sínu inn á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni,
  - b) má staðfesta á grundvelli einhverja þeirra skilríkja sem talin eru upp í viðauka 3b við samning þennan. Sé fyrrnefndum skilríkjum framvísað skal ríkið, sem beiðni er beint til, framkvæma rannsókn og veita svar innan lengst 20 almanaksdaga. Ef svarið er jákvætt, eða ekkert svar hefur borist þegar frestur er útrunninn, skal ríkið, sem beiðni er beint til, viðurkenna ólöglega komu frá yfirráðasvæði sínu inn á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni.
2. Sýna ber fram á ólöglega komu inn á yfirráðasvæði ríkisins, sem leggur fram beiðni, skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa, með ferðaskilríkjum hlutaðeigandi einstaklings, þar sem nauðsynlega vegabréfsáritun eða annað búsetuleyfi á yfirráðasvæði ríkisins, sem leggur fram beiðni, vantar. Rökstudd yfirlýsing þess ríkis sem leggur fram beiðni þess efnis að komið hafi í ljós að hlutaðeigandi einstaklingur hafi ekki haft nauðsynleg ferðaskilríki, vegabréfsáritun eða búsetuleyfi telst einnig óræk sönnun við fyrstu sýn um ólöglega komu, veru eða búsetu.
3. Skilyrði fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausra einstaklinga skv. b- og c-lið 1. mgr. 3. gr. samnings þessa:

- a) má sannreyna með einhverjum þeim skilríkjum sem talin eru upp í viðauka 4a við samning þennan. Ef fyrnefndum skírteinum er framvísað skal ríkið, sem beiðni er beint til, viðurkenna búsetu fyrnefndra einstaklinga án þess að krefjast frekari rannsóknar.
- b) má staðfesta á grundvelli einhverja þeirra skilríkja sem talin eru upp í viðauka 4b við samning þennan. Sé fyrnefndum skilríkjum framvísað skal ríkið, sem beiðni er beint til, framkvæma rannsókn og veita svar innan lengst 20 almanaksdaga. Ef svarið er jákvætt, eða ekki eru færðar sönnur á annað eða ekkert svar hefur borist þegar frestur er útrunninn, skal ríkið, sem beiðni er beint til, viðurkenna dvöl fyrnefndra einstaklinga á yfirráðasvæði sínu.
- 4. Eigi er unnt að færa sönnur á skilyrði fyrir endurviðtöku ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangalausra einstaklinga með því að leggja fram svíkin eða fölsuð skilríki.

## 8. gr.

*Frestir.*

1. Beiðni um endurviðtöku skal leggja fram hjá hinu lögbæra yfirvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til eigi síðar en einu ári frá því að lögbært yfirvald þess ríkis sem leggur fram beiðni fær vitneskjú um að ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, þau skilyrði sem gilda um komu, veru eða búsetu.  
Endurviðtökuskylda stofnast ekki sé beiðni um endurviðtöku fyrnefndra einstaklinga send eftir að fyrnefndur frestur er liðinn. Séu lagalegar eða staðreyndar hindranir í vegi fyrir því að beiðnin verði send tímanlega skal framlengja frestinn, að fram kominni beiðni þar um, um allt að 30 almanaksdaga.
2. Með fyrirvara um þá fresti er um getur í b-lið 1. mgr. og b-lið 3. mgr. 7. gr. skal ríkið, sem beiðni er beint til, svara endurviðtökubeiðninni án ótilhlýðilegrar tafar og í öllu falli eigi síðar en 14 almanaksdögum eftir þann dag þegar fyrnefndri beiðni er veitt viðtaka. Séu lagalegar eða staðreyndar hindranir í vegi þess að beiðninni sé svarað tímanlega, skal framlengja frestinn, í öllum tilvikum, í allt að 30 almanaksdaga, að fram kominni rökstuddri beiðni þar um.
3. Sé beiðni um endurviðtöku send samkvæmt flýtimeðferð (3. mgr. 5. gr.) er skylt að svara innan tveggja vinnudaga eftir þann dag þegar fyrnefndri beiðni er veitt viðtaka. Heimilt er, ef nauðsyn krefur, samkvæmt rökstuddri beiðni þess ríkis sem beiðni er beint til þar um og með samþykki þess ríkis sem leggur fram beiðni, að framlengja frestinn til að svara beiðninni um einn vinnudag.
4. Berist ekkert svar innan þeirra fresta er um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal litið svo á að flutningurinn hafi verið samþykktur.
5. Tilgreina ber ástæður synjunar við endurviðtökubeiðni í tilkynningu til þess ríkis sem leggur fram beiðni.
6. Eftir að samþykki hefur verið veitt, eða eftir atvikum þegar þeir frestir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. eru útrunnir, skal flytja hlutaðeigandi einstakling án tafar samkvæmt þeim skilmálum sem viðkomandi lögbær stjórnvöld eru sammála um samkvæmt ákvæði 1. mgr. 9. gr. samnings þessa. Því ríki sem beiðni er beint til er heimilft, að fram kominni beiðni þess ríkis sem leggur fram beiðni þar um, að framlengja frestinn meðan verið er að yfirstígla lagalegar hindranir eða vandkvæði vegna flutningsins.

## 9. gr.

*Aðferðir við flutning og flutningsmáti.*

1. Áður en einstaklingur er fluttur til baka skulu hlutaðeigandi lögbær stjórnvöld í því ríki sem beiðni er beint til og því ríki sem leggur fram beiðni gera skriflegt samkomulag fyrirfram um flutningsdag, landamæraastöð, hugsanlega fylgdarmenn og önnur atriði vegna flutningana.
2. Flutningur í hvaða mund sem er í lofti eða á sjó er heimill. Flutningur loftleiðis einskorðast ekki við innlenda flugrekendur í því ríki sem leggur fram beiðni eða því ríki sem beiðni er beint til, heldur má notast við áætlunarflug eða leiguflug. Sé þörf fylgdarmanna er ekki gerð krafa um fylgdarmenn sem ríkið, sem leggur fram beiðni, viðurkennir, að því tilskildu að um sé að ræða viðurkennda fylgdarmenn frá Úkraínu eða Íslandi.

**III. ÞÁTTUR**  
**Framkvæmd gegnumfarar.**  
 10. gr.  
*Meginreglur.*

1. Úkraína og Ísland skulu takmarka gegnumför ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausrá einstaklinga við tilvik þar sem eigi reynist unnt að senda fyrnefndra einstaklinga beint aftur til ákvörðunarríkis.
2. Það ríki sem beiðni er beint til skal heimila flutning ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausrá einstaklinga um önnur ríki, sé áframflutningur fyrnefndra einstaklinga í hugsanlegum öðrum gegnumfararríkjum og endurviðtaka ákvörðunarríkisins tryggð.
3. Gegnumför ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausrá einstaklinga skal fara fram með fylgdarmönnum, fari ríkið, sem beiðni er beint til, fram á það. Mæla ber fyrir um einstök atriði framkvæmdar gegnumfarar með fylgdarmönnum í bókunum um framkvæmd í samræmi við ákvæði 16. gr. samningsins.
4. Ríkið, sem beiðni er beint til, getur hafnað flutningi með gegnumför:
  - a) ef raunveruleg hætta er á að hlutaðeigandi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslausrá einstaklingur sæti pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða hljóti dauðadóm eða sæti ofssóknum vegna kynþáttar síns, trúarbragða, þjóðernis eða vegna þess að hann tilheyrir tilteknum þjóðfélagshópi eða sakir stjórnmálaskoðana sinna í ákvörðunarríkinu eða öðru gegnumfararríki eða
  - b) ef saksækja á hlutaðeigandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausrá einstakling eða beita hann viðurlögum í ríkinu, sem beiðni er beint til, eða öðru gegnumfararríki eða
  - c) af ástæðum er varða lýðheilsu, öryggi innanlands, allsherjarreglu eða aðra þjóðarhagsmuni þess ríkis sem beiðni er beint til.
5. Það ríki sem beiðni er beint til getur afturkallað sérhverja heimild, sem hefur verið gefin út, ef aðstæður þær er um getur í 4. mgr. koma upp eða í ljós síðar meir og standa í vegi fyrir framkvæmd gegnumfarar eða ef áframhaldandi fór um hugsanleg gegnumfararríki eða endurviðtaka af hálfu ákvörðunarríkis er ekki lengur tryggð.

11. gr.  
*Framgangur gegnumfarar.*

1. Beiðni um framkvæmd gegnumfarar skal senda skriflega lögbæru stjórnvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í henni:
  - a) um hvers kyns gegnumför er að ræða (loftleiðis eða sjóleiðis), hvaða leið er farin, önnur gegnumfararríki og ríki lokaákvörðunarstaðar,
  - b) upplýsingar um hlutaðeigandi einstakling (eiginnafn, kenninafn, kenninafn konu fyrir giftingu, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti, fæðingadag og -ár, kyn og ef þess er kostur – fæðingarstað, ríkisfang, tungumál, gerð og númer ferðaskilríkja),
  - c) fyrirhugaður komustaður, hvæðar flutningur fer fram og hugsanleg aðkoma fylgdarmanna,
  - d) yfirlýsing þess efnis að ríkið, sem leggur fram beiðni, líti svo á að skilyrðum 2. mgr. 10. gr. hafi verið fullnægt og að engar ástæður séu þekktar fyrir synjun skv. 4. mgr. 10. gr.

Almennt eyðublað, sem ber að nota þegar sótt er um gegnumför, fylgir sem 6. viðauki við samning þennan.
2. Ríkið, sem beiðni er beint til, skal, innan 10 almanaksdaga frá viðtöku beiðninnar, tilkynna því ríki sem leggur fram beiðni skriflega um samþykki sitt fyrir framkvæmd fyrirhugaðrar gegnumfarar, staðfesta um hvaða komustað verði að ræða og hvenær sé fyrirhugað að viðtaka fari fram eða tilkynna því um synjun um viðtöku og ástæður þeirrar synjunar.
3. Fari gegnumför fram loftleiðis skal sá einstaklingur sem til stendur að taka við aftur og hugsanlegir fylgdarmenn hans undanþegnir því að verða sér úti um vegabréfsáritun til gegnumfarar um flugvöll.
4. Lögbær stjórnvöld þess ríkis sem beiðni er beint til skal, með fyrirvara um gagnkvæmt samráð, aðstoða við framkvæmd gegnumfarar, einkum með eftirliti með hlutaðeigandi einstaklingum og með því að leggja til viðeigandi aðstoðu til þess.

## IV. ÞÁTTUR

**Kostnaður.**

12. gr.

*Flutningskostnaður og kostnaður vegna gegnumfarar.*

Það ríki sem leggur fram beiðni skal bera allan flutningskostnað í tengslum við framkvæmd endurviðtöku og gegnumfarar, samkvæmt samningi þessum, að landamærum ríkis lokaákvörðunarstaðar, ásamt flutnings- og viðhaldskostnaði þess ríkis sem beiðni er beint til, þ.e. kostnaði sem tengist endurkomu einstaklinga skv. 4. gr. samnings þessa. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á rétt lögbærra stjórvalda í Úkraínu og á Íslands til að endurheimta fyrrnefndan kostnað af hlutaðeigandi einstaklingi eða þriðju aðilum.

## V. ÞÁTTUR

**Gagnavernd og hlutleysísákvæði.**

13. gr.

*Gagnavernd.*

Senda ber persónuupplýsingar aðeins ef slíkt er nauðsynlegt þegar lögbær stjórnvöld í Úkraínu eða á Íslandi, eftir því sem við á, annast framkvæmd samnings þessa. Þegar persónuupplýsingar eru sendar, unnið er úr þeim eða þær meðhöndlaðar í tengslum við tiltekið mál skulu lögbær stjórnvöld í Úkraínu vinna í samræmi við viðeigandi úkraínska löggjöf og lögbær stjórnvöld á Íslandi í samræmi við íslenska löggjöf.

Auk þessa gilda eftirfarandi meginreglur:

- vinna skal úr persónuupplýsingum á sanngjarnan og löglegan hátt,
- safna ber persónuupplýsingum í þeim sérstaka, skýra og lögmaða tilgangi að annast framkvæmd þessa samnings og skal hvorki það stjórnvald sem sendir upplýsingarnar né það sem tekur við þeim vinna frekar úr þeim með þeim hætti að samrýmist ekki þeim tilgangi,
- persónuupplýsingar skulu vera fullnægjandi, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er með tilliti til þess tilgangs sem söfnun þeirra og/eða frekari úrvinnsla þjónar; nánar tiltekið skulu sendar persónuupplýsingar varða eftirfarandi einvörðungu:
  - upplýsingar um þann einstakling sem til stendur að flytja (t.d. eiginnöfn, kenninöfn, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar og/eða er þekktur undir eða tökuheiti, kyn, borgaralega réttarstöðu, fæðingardag og -ár og fæðingarstað, núverandi ríkisfang og fyrra ríkisfang ef um það er að ræða),
  - vegabréf, kennivottorð eða ökusíðurnar og önnur auðkennis- eða ferðaskilríki (númer, gildistíma og útgáfudag, -stjórnvald og -stað),
  - millilendingar og ferðaáætlunar,
  - aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að bera kennsl á þann einstakling sem til stendur að flytja eða upplýsingar sem til þarf í því skyni að kanna allar kröfur viðvígjandi endurviðtöku samkvæmt samningi þessum,
- persónuupplýsingar skulu vera nákvæmar og uppfærðar ef nauðsyn krefur,
- geyma ber persónuupplýsingar í því formi sem gerir ókleift að bera kennsl á þá sem þær varða lengur en nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem upplýsinganna var safnað eða í þeim tilgangi sem frekari vinnsla þeirra útheimtir,
- hið lögbæra stjórnvald sem sendir persónuupplýsingar og hið lögbæra stjórnvald sem tekur við þeim skulu gera allar ráðstafanir, sem eðlilegt má teljast, til þess að tryggja, með viðunandi hætti, að persónuupplýsingar séu leiðréttar, þeim sé eytt eða að aðgangur að þeim sé hindraður, ef vinnsla þeirra samræmist ekki ákvæðum þessarar greinar, einkum vegna þess að fyrrnefndar upplýsingar eru ófullnægjandi, óviðeigandi eða ónákvæmar eða vegna þess að þær ná út fyrir það sem stefnt er að með vinnslu þeirra. Þetta hefur í för með sér að senda ber hinum samningsaðilanum tilkynningu í hvert sinn sem upplýsingar eru leiðréttar, þeim er eytt eða aðgangur að þeim er hindraður.

- g) Það stjórnvald sem tekur við persónuupplýsingum skal, að fram kominni beiðni þar um, tilkynna því stjórnvaldi sem sendir þær um notkun sendra upplýsinga og um þær niðurstöðum sem þær skila.
- h) Aðeins er heimilt að senda lögbærum stjórnvöldum persónuupplýsingar. Frekari sending til annarra aðila er háð fyrirframsamþykki þess stjórnvalds sem sendir upplýsingarnar.
- i) Það stjórnvald sem sendir persónuupplýsingar og það stjórnvald sem tekur við þeim eru skuldbundin til þess að halda skrá yfir sendingu og viðtöku persónuupplýsinga.

14. gr.

*Ákvæði um fyrirvara.*

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skuldbindingar Úkraínu og Íslands sem stofnast af reglum þjóðaréttar og einkum af sérhverjum gildandi alþjóðlegum samningi eða samkomulagi, sem þau eru aðilar að, þ.m.t. þeim sem vísað er til í inngangsorðunum.
2. Ekkert í samningi þessum kemur í veg fyrir endurkomu einstaklings samkvæmt öðru formlegu eða óformlegu samkomulagi.

## VI. ÞÁTTUR

**Framkvæmd og beiting.**

15. gr.

*Sameiginleg sérfræðinganefnd.*

1. Samningsaðilarnir skulu stofnsetja sameiginlega sérfræðinganefnd (hér á eftir nefnd „sérfræðinganefndin“) sem mun einkum gegna því hlutverki:
  - a) að fylgjast með beitingu ákvæða samnings þessa,
  - b) að leggja til breytingar á samningi þessum og viðaukum við hann.
2. Sérfræðinganefndin skal koma saman, eftir því sem þörf krefur, að beiðni annars samningsaðilans.

16. gr.

*Bókanir um framkvæmd.*

1. Samningsaðilum er heimilt að gera bókanir um framkvæmd sem taka til reglna um:
  - a) tilnefningu lögbærra stjórnvalda,
  - b) landamærastöðvar vegna flutnings einstaklinga,
  - c) búnað fyrir samskipti lögbærra stjórnvalda,
  - d) fyrirkomulag endurkomu samkvæmt flýtimeðferð,
  - e) skilyrði fyrir endurkomu með fylgdarmönnum, þ.m.t. gegnumför ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga með fylgd,
  - f) viðbótarleiðir og -skilríki sem nauðsynleg eru til þess að hrinda ákvæðum samnings þessa í framkvæmd,
  - g) aðferðir og verklag við endurheimt kostnaðar vegna framkvæmdar 12. gr. samnings þessa.
2. Bókanir um framkvæmd, er um getur í 1. mgr., öðlast fyrst gildi eftir að sameiginlegu sérfræðinganefndinni um endurviðtöku, er um getur í 15. gr., hefur verið tilkynnt þar um.

17. gr.

*Samskiptatungumál.*

1. Fyrirséð skjöl skv. 5. til 6. viðauka skal fylla út á ensku með tilliti til þess að hrinda ákvæðum samningsins í framkvæmd.
2. Bréfaskipti og samráð viðkomandi lögbærra stjórnvalda samningsaðilanna um beitingu ákvæða samningsins skulu fara fram á ensku.

## VII. PÁTTUR

**Lokaákvæði.**

18. gr.

*Breytingar á samningnum.*

Heimilt er að gera breytingar á samningi þessum og auka við hann með gagnkvæmu samþykki samningsaðilanna, einkum í ljósi álíkra breytinga á samningnum milli Úkraínu og Evrópubandalagsins um endurviðtöku fólks. Breytingar og viðbætur skulu gerðar í formi aðskilinna bókana sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samnings þessa og öðlast gildi samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 19. gr. hans.

19. gr.

*Gildistaka, gildistími og samningsslit.*

1. Samningsaðilarnir skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við málsmeðferð í hvoru ríki fyrir sig.
2. Hvor samningsaðili um sig skal tilkynna hinum skriflega um að lokið sé þeirri málsmeðferð er um getur í fyrstu málsgrein. Samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að seinni tilkynningunni er veitt viðtaka. Ef sá dagur er fyrir gildistökudag samningsins milli ríkisstjórnar Úkraínu og ríkisstjórnar Íslands um að greiða fyrir útgáfu vegabréfsáritana, skal samningur þessi fyrst öðlast gildi sama dag og síðarnefndi samningurinn.
3. Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma.
4. Þær skuldbindingar sem settar eru fram í 3. gr. samnings þessa koma ekki til framkvæmda fyrr en tveimur árum eftir þá dagsetningu er um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Á því tveggja ára tímabili gilda þær aðeins um ríkisfangslausa einstaklinga og ríkisborgara þriðju landa sem Úkraína eða Ísland hefur gert tvíhlíða samninga við eða samkomulag um endurviðtöku.
5. Hvor samningsaðili um sig getur sagt upp samningi þessum með því að tilkynna hinum samningsaðilanum um það formlega. Samningur þessi fellur úr gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar fyrrnefndi tilkynningu er veitt viðtaka.

20. gr.

*Viðaukar.*

Viðaukar 1 til 6 eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

Gjört í New York 25. september 2013 í tvíriti á úkraínsku, íslensku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

**Fyrir hönd ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands**

**Gunnar Bragi Sveinsson**  
utanríkisráðherra

**Fyrir hönd ríkisstjórnar Úkraínu**

**Leonid Kozhara**  
utanríkisráðherra

**1. VIÐAUKI**  
**Sameiginleg skjalaskrá**  
**um ríkisfang**  
(a-liður 1. mgr. 6. gr.)

- Hvers kyns vegabréf (ríkisvegabréf, diplómatísk vegabréf, þjónustuvegabréf, sameiginleg vegabréf og önnur skilríki sem koma í stað vegabréfa, þ.m.t. vegabréf barna),
- kennivottorð ríkis (þ.m.t. tímabundin og til bráðabirgða),
- þjónustubækur og kennivottorð hers,
- sjóferðabækur, þjónustuvottorð skipstjóra og vegabréf sjómanna,
- vottorð um ríkisfang og önnur opinber skilríki þar sem ríkisfangs er getið eða það gefið til kynna.

**2. VIÐAUKI**  
**Sameiginleg skjalaskrá**  
**um ríkisfang**  
(b-liður 1. mgr. 6. gr.)

- Ljósrit af einhverjum þeirra skilríkja sem eru talin upp í 1. viðauka við samning þennan,
- ökuskríteini eða ljósrit af þeim,
- fæðingarvottorð eða ljósrit af þeim,
- kennivottorð fyrirtækja eða ljósrit af þeim,
- yfirlýsingar vitna,
- yfirlýsingar viðkomandi einstaklings og það tungumál sem hann eða hún talar, m.a. niðurstöður úr opinberu prófi sem fer fram til þess að ákveða þjóðerni viðkomandi. Í viðauka þessum er hugtakið „opinbert próf“ skilgreint sem próf sem stjórnvöld í því ríki sem leggur fram beiðni láta gera eða gera og ríkið, sem beiðni er beint til, fullgildir;
- öll önnur skilríki sem geta komið að gagni við að staðfesta þjóðerni hlutaðeigandi einstaklings.

**3. VIÐAUKI**  
**Sameiginleg skjalaskrá**  
**um ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausa einstaklinga**  
(1. mgr. 7. gr.)

**A-HLUTI**

- Opinberar yfirlýsingar viðvíkjandi flýtimeðferð, einkum starfsmanna viðurkennds landamæra-yfirvalds sem er í aðstöðu til þess að vitna um beina för viðkomandi einstaklings yfir landamæri frá því ríki sem beiðni er beint til inn á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni,
- farseðlar með nafni hlutaðeigandi einstaklings fyrir flug eða sjóferð sem vitna um viðveru og ferðaáætlun hans frá yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til inn á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni,
- farþegaskrár fyrir flug eða sjóferð sem vitna um viðveru og ferðaáætlun hlutaðeigandi einstaklings frá yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til inn á yfirráðasvæði þess ríkis sem leggur fram beiðni.

**B-HLUTI**

- Opinberar yfirlýsingar, einkum starfsmanna landamærar yfirvalds þess ríkis sem leggur fram beiðni og annarra vitna sem geta borið um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi farið yfir þau landamæri sem um ræðir,
- hvers kyns skilríki, vottorð og reikningar (t.d. hótelreikningar, tímapantanir hjá læknum og/eða tannlæknum, aðgangskort opinberra eða einkarekinna stofnana, bílaleigusamningar, greiðslukortakvittanir o.s.frv.) sem sýna, svo eigi verður um villst, að hlutaðeigandi einstaklingur dvaldi á yfirráðasvæði þess ríkis sem beiðni er beint til,
- upplýsingar þar sem kemur fram að hlutaðeigandi einstaklingur hafi nýtt sér boðberapjónustu eða þjónustu ferðaskrifstofu,
- opinber yfirlýsing hlutaðeigandi einstaklings í dóms- eða stjórnsýslumáli,

**4. VIÐAUKI**  
**Sameiginleg skjalaskrá**  
**um ríkisborgara þriðja lands og ríkisfangslausa einstaklinga**  
(3. mgr. 7. gr.)

**A-HLUTI**

- gild vegabréfsáritun og/eða búsetuleyfi sem það ríki sem beiðni er beint til gefur út,
- komu- og/eða brottfararstimpill eða álíka áritun í ferðaskilríki hlutaðeigandi einstaklings eða önnur sönnun um komu og/eða brottför.

**B-HLUTI**

- Ljósrit af hverju sem er af þeim gögnum sem talin eru upp í A-hluta.

Nr. 75

9. desember 2021

5. VIÐAUKI

[Þjóðartákn Úkraínu]

[Þjóðartákn Íslands]

.....  
(Heiti lögbærs stjórnvalds ríkis  
sem leggur fram beiðni)

.....  
(Staður og dagsetning)

Tilvísun: .....

**FLÝTIMEÐFERD**

Til

.....  
.....  
(Heiti lögbærs stjórnvalds ríkis sem  
beiðni er beint til)

Nr. 75

9. desember 2021

**BEIÐNI UM ENDURVIÐTÖKU**  
skv. 5. gr. samnings milli ríkisstjórnar Úkraínu  
**og ríkisstjórnar Íslands**  
**um endurviðtöku fólks**

**A. PERSÓNUUPPLÝSINGAR:**

1. Fullt nafn (kenninafn skal undirstrikað)

.....

2. Kenninafn konu fyrir giftingu:

.....

3. Fæðingardagur og –ár og fæðingarstaður:

.....

Ljósmynd

4. Heimilisfang í upprunaríki eða því ríki þar sem viðkomandi hefur fasta búsetu

.....

5. Ríkisfang og tungumál:

.....

6. Hjúskaparstaða:  gift/-ur  einhleyp/ur

fráskilin/n

ekkill

Ef í hjónabandi: nafn maka .....

Nöfn og aldur barna (ef um þau er að ræða)

.....

.....

7. Kyn og útlitslýsing (hæð, augnalitur, sérkenni o.s.frv.)

.....

8. Einnig nefnd/ur (fyrri nöfn, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti):

.....

Ef í hjónabandi: nafn maka .....

Nöfn og aldur barna (ef um þau er að ræða)

.....

.....

9. Síðasta heimilisfang í ríkinu sem leggur fram beiðni:

.....

Nr. 75

9. desember 2021

**B. MEDFYLGJANDI SÖNNUNARGÖGN:**

1.

.....  
(Vegabréfsnúmer)

.....  
(útgáfudagur og -staður)

.....  
(útgáfufirvald)

.....  
(gildir til)

2.

.....  
(númer kennivottorðs)

.....  
(útgáfudagur og -staður)

.....  
(útgáfufirvald)

.....  
(gildir til)

3.

.....  
(númer ökuskríteinis)

.....  
(útgáfudagur og -staður)

.....  
(útgáfufirvald)

.....  
(gildir til)

4.

.....  
(númer annarra opinberra skilríkja)

.....  
(útgáfudagur og -staður)

.....  
(útgáfufirvald)

.....  
(gildir til)

**C. SÉRSTAKAR AÐSTÆDUR EINSTAKLINGS SEM ER FLUTTUR:**

1. Heilsufar

(t.d. hugsanleg vísun til sérstakrar læknismeðferðar, latneskt heiti sjúkdóms):

.....  
2. Vísbending um að viðkomandi sé sérstaklega hættulegur  
(t.d. grunaður um alvarlegt brot, ofbeldishegðun):

**D. ATHUGASEMDIR:**

.....  
.....  
.....

.....  
(Undirritun lögbærs stjórnvalds ríkis  
sem leggur fram beiðni)

Nr. 75

9. desember 2021

## 6. VIÐAUKI

[Þjóðartákn Úkraínu]

[Þjóðartákn Íslands]

(Heiti lögbærs yfirvalds ríkis  
sem leggur fram beiðni)

(Staður og dagsetning)

Tilvísun: .....

Til

(Heiti lögbærs stjórnvalds ríkis sem  
beiðni er beint til)

**BEIÐNI UM GEGNUMFÖR**  
skv. 11. gr. samnings milli ríkisstjórnar Úkraínu  
**og ríkisstjórnar Íslands**  
**um endurviðtöku fólk.**

**A. PERSÓNUUPPLÝSINGAR:**

2. Fullt nafn (kenninafn skal undirstrikað)

.....  
2. Kenninafn konu fyrir giftingu:

.....  
3. Fæðingardagur og –ár og fæðingarstaður:

.....  
4. Kyn og útlitslysing (hæð, augnalitur, sérkenni o.s.frv.)

.....  
5. Einnig nefnd/ur (fyrri nöfn, önnur nöfn sem hlutaðeigandi notar eða er þekktur undir eða tökuheiti):

.....  
6. Ríkisfang og tungumál

Ljósmynd

**B. GEGNUMFÖR:**

1. Um hvers kyns gegnumför er að ræða

loftleiðis

sjóleiðis

landleiðis

2. Það ríki sem er lokaákvörðunarstaður

.....  
3. Hugsanleg önnur gegnumfararríki

4. Áætluð landamærastöð, dagsetning og tími flutnings og hugsanleg aðkoma fylgdarmanna

.....  
.....  
.....

5. Viðtaka tryggð í sérhverju öðru gegnumfararríki og því ríki sem er lokaákvörðunarstaður (2. mgr. 10. gr.)

já

nei

6. Er kunn einhver ástæða fyrir því að synja um gegnumför (4. mgr. 10. gr.)?

já

nei

**C. ATHUGASEMDIR:**

.....  
.....  
.....

(Signature of the requesting authority) (Seal/stamp)

Nr. 75

9. desember 2021

**7. VIÐAUKI  
Úkraínskt endurkomuvottorð.**

**8. VIÐAUKI  
Íslensk ferðaskilríki.  
Sameiginleg yfirlýsing  
Úkraínu og Íslands  
um 1. mgr. 2. gr. samningsins.**

„Samningsaðilarnir gera sér ljóst að samkvæmt lögum Úkraínu og Íslands um ríkisborgararétt er ekki unnt að svipta úkraínskan eða íslenskan ríkisborgara ríkisborgararétti sínum án þess að hann öðlist annan ríkisborgararétt.

Samningsaðilarnir eru sammála um að eiga samráð sín á milli tímanlega, verði breytingar á þessari réttarstöðu.“

**AGREEMENT  
BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND  
THE CABINET OF MINISTERS OF UKRAINE  
ON THE READMISSION OF PERSONS**

THE HIGH CONTRACTING PARTIES,

THE GOVERNMENT OF ICELAND

and

THE CABINET OF MINISTERS OF UKRAINE,

DETERMINED to strengthen their co-operation in order to combat illegal immigration more effectively,

CONSIDERING the close relationship between the European Union and Iceland, particularly by virtue of the Agreement of 18 May 1999 concerning the association of Iceland with the implementation, application and development of the Schengen acquis.

CONCERNED at the significant increase in the activities of organized criminal groups in the smuggling of migrants,

DESIRING to establish, by means of this Agreement and on the basis of reciprocity, rapid and effective procedures for the identification and safe and orderly return of persons who do not, or who do no longer fulfil the conditions for entry to and stay on the territories of Ukraine or Iceland, and to facilitate the transit of such persons in a spirit of co-operation,

